# Futsal knattspyrnulögin – Stutt samantekt

**1. grein - Leikvöllurinn**
Leikið er á eins velli og handboltavelli og með handboltamörk (2x3m). Tvö vítamerki eru á vellinum, á 6m og 10m. Skiptisvæði og boðvangur eru 5m frá miðju og eru 5m á lengd.
**2. grein - Boltinn**
Notaður er futsalbolti sem uppfyllir kröfur FIFA.
**3. grein - Fjöldi leikmanna**
5 leikmenn eru í hverju liði og þar af einn markmaður. Lágmark 3 þarf í hvort lið til að hægt sé að byrja leik og eins er leik lokið ef annað liðið hefur færri en 3 leikmenn inni á vellinum. Varamenn eru allt að 9 og eru skiptingar frjálsar og fljótandi og fara fram á skiptisvæði hvors liðs um sig. Leikur er ekki stöðvaður til að skipta um markmann. Ef skipting er framkvæmd á rangan hátt er leikmaður áminntur.
**4. grein - Búnaður leikmanna**
Allir leikmenn eiga að nota legghlífar. Markmenn skulu vera vel aðgreinanlegir frá öðrum leikmönnum. Varamenn skulu vera í vestum.
**5. og 6. grein - Dómararnir og hinir í dómarateyminu**
Tveir dómarar dæma leikinn saman, ásamt tímaverði og oftast varadómara. Dómarar skulu láta tímavarðarborð vita þegar leikbrot telst safnast upp og eins þegar uppsafnað leikbrot fylgir í kjölfar hagnaðar. Tímavarðarborðið gefur til kynna þegar hámarksfjölda uppsafnaðra leikbrota í hvorum hálfleik er náð (3 leikbrot í riðlakeppni, 5 leikbrot í úrslitakeppni).

**7. grein - Leiktíminn**
Leiktíminn er stopp þegar boltinn er ekki í leik og lýsir leiktíminn alltaf raun spiltíma. Athugið að leiktíma er ekki lokið fyrr en boltinn hefur verið stöðvaður löglega (t.d. sé hann á leið að öðru markinu) þótt lokaflaut leikklukku hafi hljómað. Leiktíminn í riðlakeppni m.fl. er 2x12 mín. Lið eiga ekki rétt á liðs-leikhléi í riðlakeppni.
Dómarar munu fylgja því vel eftir að leikmenn séu röskir að koma boltanum aftur í leik. Leiktíminn í úrslitakeppni m.fl. er 2x20 mín. Hvort lið á rétt á einu liðs-leikhléi í hvorum hálfleik venjulegs leiktíma (safnst ekki upp, né færast með í framlengingu).

**8. grein - Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju**
Upphafsspyrna er tekin í upphafi hvers hálfleiks og eftir að mark er skorað. Mótherjar skulu vera minnst 3m frá. Leyfilegt er að skora beint úr upphafsspyrnu.

**9. grein - Boltinn í og úr leik**
Ef boltinn fer í loft hússins taka mótherjar innspyrnu næst þeim stað sem boltinn snerti loftið.

**10. grein - Hvernig úrslit leikja ráðast**
Liðið sem skorar fleiri mörk vinnur, annars er jafntefli.
**11. grein - Rangstaða**
Engin rangstaða í futsal.
**12. grein - Leikbrot og óviðeigandi hegðun**
Athugið að eðli futsal er að spila hraðan, skemmtilegan leik og halda í vörn en ekki brjóta af sér, því leikbrot safnast upp (hvert leikbrot er dýrara). Rennitæklingar eru leyfilegar í þeim tilgangi að blokka skot eða halda bolta innan vallar. Rennitæklingum þar sem mótherji er snertur skal refsað fyrir með leikbroti (aukaspyrna/víti). Sé leikmanni vísað af velli (rautt spjald), má annar leikmaður koma í hans stað eftir 2 virkar mínútur af leiktíma. Skori mótherji mark þegar lið er manni færri, má annar leikmaður koma inn áður en leikur fer

aftur í gang. Skori liðið sem er manni færra mark, eða ef bæði lið hafa jafn marga (3 eða 4 hvort) leikmenn á vellinum, helst fjöldi leikmanna óbreyttur.

Eftir að markvörður sendir frá sér boltann til samherja (með höndum eða fótum) má hann ekki snerta boltann aftur á eigin vallarhelmingi, eftir viljandi sendingu frá samherja, fyrr en boltinn hefur snert mótherja, hvort heldur sem hann fær hann á eigin vallarhelmingi eða ber hann þangað með sér sjálfur. Hann getur hins vegar verið með í spili svo framarlega sem hann sé kominn yfir miðlínu vallar. Markvörður má einungis hafa vald á knettinum í 4 sek. á eigin vallarhelmingi, hvort sem er með höndum eða fótum. Í báðum tilfellum er dæmd óbein aukaspyrna. Alltaf má senda boltann aftur til markvarðar eftir að hafa unnið bolta af mótherja, eða úr innspyrnu, hornspyrnu, aukaspyrnu eða upphafsspyrnu.

**13. grein - Aukaspyrnur**

Mótherjar skulu vera 5m frá boltanum í aukaspyrnum. Beinar aukaspyrnur og vítaspyrnur eru leikbrot sem safnast upp. Frá og með sjötta leikbroti (fjórða í riðlakeppni) sem lið fær á sig, er aukaspyrnan tekin án varnarveggs frá 10m merkinu (sé leikbrotið utan vítateigs en nær marki en 10m merkið, má velja brotstað í staðinn), markmaður er a.m.k. 5m frá boltanum, spyrnandinn er tilgreindur sérstaklega, allir aðrir leikmenn eru a.m.k. 5m frá bolta og fyrir aftan boltann. Spyrnandinn hefur 4 sek. til að framkvæma spyrnuna og verður að skjóta á markið!

**14. grein - Vítaspyrna**

Vítaspyrna er dæmd þegar varnarlið brýtur af sér innan eigin vítateigs. Þegar boltanum er spyrnt skal markvörður hafa að minnsta kosti hluta annars fótar á marklínunni, í línu við hana eða fyrir aftan hana. Spyrnandinn er tilgreindur sérstaklega og aðrir leikmenn eru a.m.k. 5m frá bolta og fyrir aftan boltann.

**15. grein - Innspyrna**

Boltinn skal vera kyrrstæður á hliðarlínunni þar sem hann fór út af vellinum, eða á þeim stað sem er næstur því hvar hann snerti loftið. Innspyrna skal framkvæmd innan fjögurra sekúndna. Mótherjar skulu vera að minnsta kosti 5 m frá staðnum á hliðarlínunni þar sem innspyrnan er tekin.“

**16. grein - Markkast**

Í stað markspyrnu er markkast. Mark er ekki skorað beint úr markkasti. Markvörður hefur 4 sek. til að framkvæma markkast og má ekki snerta boltann aftur á eigin vallarhelmingi eftir viljandi sendingu frá samherja fyrr en hann hefur verið snertur af mótherja, hvort sem hann fær knöttinn beint á eigin vallarhelming eða ber hann þangað með sér sjálfur. Hann má hins vegar taka þátt í spili á vallarhelmingi andstæðinganna. Sé markvörðurinn lengur en 4 sek. að framkvæma markkastið, dæmist liði mótherjanna óbein aukaspyrna á vítateigslínunni.

**17. grein - Hornspyrna**

Mótherjar skulu vera a.m.k. 5 m frá hornboganum í hornspyrnum. Spyrnandinn hefur 4 sek. til að framkvæma hornspyrnuna. Sé spyrnandinn lengur en 4 sek. að framkvæma spyrnuna er dæmt markkast.